



Árgangur

8. bekkur.

Markmið

Sjá *Aðalnámskrá grunnskóla: Listgreinar 2007*.

Að þroska sköpunargáfu, sjálfstæði og menningarvitund nemenda.

Inntak náms

Myndmenntakennsla hefur það að leiðarljósi að auka tjáningarleiðir myndlistar, gera nemendum kleift að skilja myndræna hugsun og gera þá læsa á sjónrænt umhverfi sitt. Áhersla er lögð á sjálfstæð vinnubrögð nemanda.

Nemendur

- þekki hlutföll mannlíkamans
- geri sér grein fyrir heildarbyggingu líkamans og geti gert samanburð á hlutföllum og stærðum
- vinni mynd af líkama og andlit í tvívíð og þrívíð verk
- vinni mynd af manneskju í rými
- þekki hugtakið fjölfeldi
- kynnast portrett málverkum og módelmyndum íslenskra listmálara.
- eiga að nýta bækur og tæknilega miðla, s.s. tölvur, ljósritunarvél, ljósaborð, myndvarpa og fleira
- eiga að geta gengið frá verkefnum, efnum og áhöldum og skilja verðmæti efna

Námsgögn

Jane Kristensen og Jörgen Riber Christensen. 1989. *Myndirnar tala*. Mál og menning, Reykjavík. Anna Cynthia Leplar, Katrín Briem, Margrét Friðbergsdóttir, Sólveig Helga Jónsdóttir. 1995. *Myndmennt I og Myndmennt II*. Námsgagnastofnun, Reykjavík. Hrönn Arnarsdóttir og Sigríður Ágústa Skúladóttir. 1998. *Heimur litanna*. Bókaforlagið Una, Reykjavík. Ýmsar listaverkabækur, myndmenntavefur námsgagnastofnunar, Internetið og margs konar efni til myndsköpunar.

Kennsluskipan

Kennslan fer fram í myndmenntastofu. Kennt er 2 tíma á viku allan veturinn

Námsmat

Símat allan veturinn þar sem verkefni og vinnubrögð eru 50% en hegðun, umgegni, virkni og sjálfstæði 50%. Einkunnir eru gefnar fyrir miðönn og vorönn en meðaltal þeirra er lokaeinkunn.

Árgangur

9. bekkur.

Markmið

Sjá *Aðalnámskrá grunnskóla: Listgreinar 2007*.

Að þroska sköpunargáfu, sjálfstæði og menningarvitund nemenda.

Inntak náms

Nemendur fá verkefni þar sem reynir á hugmyndaflug, myndbyggingu, fjarvídd, litaog formfræði,

ásamt verklega færni. Einnig gera þeir verk að eigin vali í samráði við kennarann, sem felur í sér

hugmyndavinnu, ítarlega skissugerð, verklega útfærslu og skil. Nemendur kynna sér einn listamann, gera verk í hans stíl og skrifa um hann ritgerð.

Nemendur:

- Vinna verkefni að eigin vali m.t.t. efnis og útfærslu í samráði við kennarann, sem feli í sér hugmyndavinnu, ítarlega skissugerð, verklega útfærslu og skil.
- Fullvinna myndverk til sýningar.
- Kynna sér a.m.k. einn til tvo íslenska og erlenda nútímalistamenn m.t.t. lífshlaups og verka,
- sækja söfn og sýningar þar sem því verður við komið, skoða vefsíður/vefsýningar
- Lýsa munnlega og skriflega skoðun sinni á myndum, sínum eigin og öðrum.
- Kunna að ganga frá verkefnum, eignum og áhöldum

Námsgögn

Simon Jennings og Sally Bulgar. 1999. *Art class*. Collins. Jane Kristensen og Jörgen Riber Christensen. 1989. *Myndirnar tala*. Mál og menning, Reykjavík. Anna Cynthia Leplar, Katrín Briem, Margrét Friðbergsdóttir, Sólveig Helga Jónsdóttir. 1995.

Myndmennt I og *Myndmennt II*. Námsgagnastofnun, Reykjavík.

Hrönn Arnarsdóttir og Sigríður Ágústa Skúladóttir. 1998. *Heimur litanna*. Bókaforlagið Una, Reykjavík. Ýmsar listaverkabækur, myndmenntavefur námsgagnastofnunar, Internetið og margs konar efni til myndsköpunar.

Kennsluskipan

Kenndir eru 2 tímar á viku allan veturinn, í sérútbúinni myndmenntastofu.

Námsmat

Símat allan veturinn þar sem verkefni og vinnubrögð eru 50% en hegðun, umgegni, virkni og sjálfstæði 50%. Einkunnir eru gefnar fyrir miðönn og vorönn en meðaltal þeirra er lokaeinkunn.

Árgangur

10. bekkur.

Markmið

Sjá *Aðalnámskrá grunnskóla: Listgreinar 2007*.

Að þroska sköpunargáfu, sjálfstæði og menningarvitund nemenda.

Inntak náms

Myndmenntakennsla eykur tjáningarleiðir myndlistar, gerir nemendum kleift að skilja myndræna hugsun og gerir þá læsa á sjónrænt umhverfi sitt. Áhersla er lögð á sjálfstæð vinnubrögð nemanda.

Í sértæku vali í myndlist skulu eftirfarandi þættir felast markvist í kennslunni, óháð því hvaða listmiðil er unnið með:

- geta fylgt hugmynd til endanlegs verks
- geta nýtt sér í eigin sköpun grunnþætti myndlistar, s.s. útfærslu línunnar, lita- og formfræði, myndbyggingu, rými og áferð
- geta unnið sjálfstætt á grundvelli þekkingar og færni á grunnþáttum og undirstöðuaðferðum myndlistar
- geta nýtt sér miðla upplýsingatækni við vinnu sína
- geta greint, borið saman og metið lögmál og aðferðir í völdum listaverkum
- þekkja og geta nýtt sér hugtök og heiti sem tengjast lögmálum og aðferðum myndlistar
- geta í eigin tjáningu gert sér grein fyrir og nýtt sér ímyndir og/eða stílbrigði frá ýmsum svæðum, úr nútíma myndheimi eða úr fortíð

Námsgögn

Simon Jennings, 1999. *Art Class*. Collins, London.

Jane Kristensen og Jörgen Riber Christensen. 1989. *Myndirnar tala*. Mál og menning, Reykjavík. Anna Cynthia Leplar, Katrín Briem, Margrét Friðbergsdóttir, Sólveig Helga Jónsdóttir. 1995. *Myndmennt I og Myndmennt II*. Námsgagnastofnun, Reykjavík.

Hrönn Arnarsdóttir og Sigríður Ágústa Skúladóttir. 1998. *Heimur litanna*. Bókaforlagið Una, Reykjavík. Ýmsar listaverkabækur, myndmenntavefur námsgagnastofnunar, Internetið og margs konar efni til myndsköpunar.

Kennsluskipan

Kenndir eru 2 tímar á viku allan veturinn.

Námsmat

Símat allan veturinn þar sem verkefni og vinnubrögð eru 50% en hegðun, umgegni, virkni og sjálfstæði 50%. Einkunnir eru gefnar fyrir miðönn og vorönn en meðaltal þeirra er lokaeinkunn.